

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Kópavogsskaupstaðar að fasteignum innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 hefur bæjarstjórn Kópavogsskaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt:

Bæjarstjórn samþykkir að nota heimild 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 til að áskilja sér forkaupsrétt að eftirtöldum fasteignum:

Smárahvammi og öllum löndum úr Smárahvammi, Vatnsenda, Gunnarshólma og Geirlandi (Miðmundarmýri).

Ennfremur eftirgreindum eignarlöndum úr jörðinni Lækjarbotnum:

Hamri, Seli, Selfjallaskála, Núpstúni, Lóð Ívars Bjarnasonar, Skipholti 8, samkvæmt heimildarbréfi dags. eftir 1. nóvember 1963 og lóð Jóns og Guðmundar Bjarnasona frá 1954.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja.

Félagsmálaráðuneytið, 24. mars 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Hitaveitu Reykjavíkur nr. 122/1979.

1. gr.

1. mgr. 15. gr. orðist svo:

Borgarráð veitir pípulagningameisturum löggildingu til starfa við hitalagnir á veitusvæði Hitaveitu Reykjavíkur í umboði borgarstjórnar.

2. gr.

Reglugerð þessi sem samþykkt er af borgarstjórn Reykjavíkur er hér með staðfest skv. lögum um Hitaveitu Reykjavíkur nr. 38 12. febrúar 1940 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi.

Jafnframt er felld úr gildi 1. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 122 1. mars 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 29. mars 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.